

17. gr.

93

Félaginu má slita, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það, og skal þá jafna skuldum eða eignum félagsins niður á félagsmenn, ef einhverjar eru.

25. júní

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

ARÐSKRÁ

94

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga.

25. júní

Arður og gjöld skiptast milli eftirtalda jarða sem hér segir:

Hagkot	6 $\frac{1}{4}$	einingar
Strandsel	10	—
Blámýri	9 $\frac{1}{4}$	—
Hrafnabjörg	13	—
Birnustaðir	16 $\frac{3}{4}$	—
Laugarból	16 $\frac{3}{4}$	—
Eiríksstaðir	14	—
Efstidalur	14	—

Alls 100 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

95

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangár.

25. júní

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Rangár. Heimili þess og varnarþing er að þingstað Ljósavatnshrepps í S.-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í Rangá og gera hana arðsama með því:

1. að stunda laxaklak eða kaupa laxaseiði;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum eða fleiri stöðum ef henta þykir.